

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur nr. 259, 16. júní 1977  
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 1 254.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 2 870.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er kr. 3 000.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1979, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 31. júlí 1979.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Gisli Einarsson.*

Nr. 313.

31. júlí 1979.

## AUGLÝSING

um hækkun á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Með tilvísun til 62. gr. Orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi hækkun á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, frá og með 1. ágúst 1979.

A. Hitataxtar hækki sem hér segir:

4.1. Orkugjald .....	kr.	26.62 á kWst.
4.2. Orkugjald .....	kr.	12.81 á kWst.
4.3. Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW .....	kr.	132 575.00 á ári
Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksafstillingu 20 kW .....	kr.	26 515.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun .....	kr.	5.53 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu ....	kr.	41.90 á kWst.
4.4. Orkugjald .....	kr.	7.29 á kWst.
6.1. Orkugjald .....	kr.	36.46 á kWst.
6.2. Orkugjald .....	kr.	17.73 á kWst.
6.3. Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW .....	kr.	179 810.00 á ári
Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksafstillingu 20 kW .....	kr.	35 962.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun .....	kr.	7.50 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu ....	kr.	41.90 á kWst.
6.4. Orkugjald .....	kr.	10.24 á kWst.

- B. Aðrir taxtar hækki um 15.5%.  
 C. Heimtaugagjöld hækki um 20%.  
 D. Heildsölugjaldskrá hækki um 15.0%.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hækki til samræmis við hækkaða gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

*Iðnaðarráðuneytið, 31. júlí 1979.*

F. h. r.  
 Páll Flygenring.

*Margrét Traustadóttir.*

## AUGLÝSING

um hækkun smásöluverðs raforku.

Samkvæmt 25. gr. Orkulaga nr. 58, 29. maí 1967 hefur iðnaðarráðuneytið staðfest eftirfarandi hækkanir á gildandi gjaldskrá (með síðari breytingum) eftirtalinna rafveitna frá og með 1. ágúst 1979:

Rafmagnsveita Reykjavíkur gjaldskrá nr. 195 2. maí 1979 .....	17.0%
Rafveita Hafnarfjarðar gjaldskrá nr. 196 2. maí 1979 .....	17.0%
Rafveita Húsavíkur gjaldskrá nr. 246 28. maí 1979 .....	17.5%
Rafveita Akraness gjaldskrá nr. 277 14. júní 1979 .....	9.0%
<b>Rafveitur Reykjaness:</b>	
Rafveita Voga- og Vatnsleysustrandarhr. gjaldskrá nr. 230 15. maí 1978	18.0%
Rafveita Grindavíkur gjaldskrá nr. 253 23. maí 1978 .....	18.0%
Rafveita Miðneshrepps gjaldskrá nr. 274 10. maí 1978 .....	18.0%
Rafveita Gerðahrepps gjaldskrá nr. 242 23. maí 1978 .....	18.0%
Rafveita Njarðvíkur gjaldskrá nr. 230 15. maí 1978 .....	18.0%
Rafveita Keflavíkur gjaldskrá nr. 252 23. maí 1978 .....	18.0%
<b>Rafveitur Hveragerðis,</b>	
Eyrarbakka og Stokkseyrar gjaldskrá nr. 224 11. maí 1979 .....	8.0% <sup>1)</sup>
Rafveita Selfoss gjaldskrá nr. 198 11. maí 1979 .....	7.5% <sup>2)</sup>
Rafveita Siglufjarðar gjaldskrá nr. 243 29. maí 1979 .....	17.5%
Rafveita Vestmannaeyja gjaldskrá nr. 369 4. okt. 1978 .....	17.5%
Rafveita Sauðárkróks gjaldskrá nr. 245 28. maí 1979 .....	17.0%
Rafveita Akureyrar gjaldskrá nr. 227 8. maí 1979 .....	17.0%

<sup>1)</sup> Hitagjaldskrárliðir nr. 41—44 hækki um 23.5%.

<sup>2)</sup> Þó hækkar taxti 2.1. um 17%., taxti 4.1. um 23% og mælaleiga um 23%.  
 Heimtaugagjöld hækki um 15%.

*Iðnaðarráðuneytið 31. júlí 1979.*

F. h. r.  
 Páll Flygenring.

*Gisli Einarsson.*